

Um samvinnu heimilis og skóla



Samstarf heimilis og skóla

Góð samvinna heimilis og skóla getur skipt sköpum í námi barna. Foreldrar eru þeir sem þekkja barnið best og búa yfir mikilvægum upplýsingum fyrir kennara. Á hinn bóginn hafa kennarar upplýsingar um barnið sem foreldrar fá ekki tækifæri til að upplifa á eigin skinni. Það er ýmislegt sem hægt er að gera til að stuðla að farsælu samstarfi foreldra og kennara.

Ekki spara samskiptin

Þetta vita allir og hafa heyrt margoft en góð vísa er aldrei of oft kveðin. Það þarf samt að minna á að samskipti þurfa að vera gagnkvæm. Foreldrar búa yfir mikilvægum upplýsingum um barnið, hagi þess og eiginleika. Að sjálfsgöðu þurfa kennarar líka að vera duglegir að miðla upplýsingum til foreldra, svara spurningum þeirra og varpa ljósi á allar áhyggjur sem foreldri kann að hafa.



Verið opin og einlæg

Ef ræða þarf nám barnsins, hegðun eða líðan er best að gera það strax. Kennarar eru yfirleitt mjög aðgengilegir, svara tölvupóstum og viljugir að hitta foreldra. Forðist það að "grípa kennarann glóðvolgan", þ.e. taka hann afsíðis út í búð eða á ganginum í skólanum. Skipuleggið frekar fund þar sem þið ræðið saman í síma, eða augliti til auglitis.

Takist á við erfiðleika saman

Það fara ekki öll börn klakklaust í gegnum grunnskóla. Áætlað er að í Bandaríkjunum séu um 20% barna sem sýni einkenni skólaforðunar, þ.e. neiti að fara í skólann eða víkja sér undan þeim kröfum sem þar eru gerðar. Síðan eru til þeir nemendur sem leiðist í skólanum, eiga í erfiðleikum með námið, með félagsleg samskipti eða takast á við vanlíðan. Sumir foreldrar hafa tilhneigingu til að vilja takast á við þetta sjálfir, finnst erfitt að biðja um hjálp. Sumum foreldrum finnst erfitt að fá símtal eða tölvupóst þar sem þau eru beðin að ræða vanda í skólanum, finnst eins og þeir hafi á einhvern hátt brugðist í foreldrahlutverkinu. Hafið í huga að þið eruð saman í liði, kennarar og foreldrar. Allir vilja barninu vel og það er langbest að stilla saman strengi.

Skiljið sjónarmið hvors annars

Það er mikilvægt að kennari reyni að skilja áhyggjur foreldra og að foreldrar skilji sjónarmið kennara. Það er hættu á að samskipti á milli heimilis og skóla verði af skornum skammti ef þetta tekst ekki vel. Foreldri sem upplifir að ekki er hlustað á það veigrar sér við að hafa samband við skólann. Og kennari sem finnur að ábendingum til foreldra er ekki tekið vel er líklegri til að minnka samskiptin.

